

## Svar

samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra við fyrirspurn Guðrúnar Erlingsdóttur um framkvæmdir við Landeyjahöfn (Bakkafjörühöfn).

1. *Hyggst ráðherra tryggja nægt fé til að ljúka framkvæmdum við Landeyjahöfn (Bakkafjörühöfn) þannig að siglingar Herjólfss geti hafist þaðan í júlí 2010?*

Áætlanir gera ráð fyrir að Landeyjahöfn kosti um 3,5 milljarða kr. Fjárveiting til og með árinu 2009 er 1.935 millj. kr. og hefur hún verið tryggð að fullu.

Í fjárlagafrumvarpi 2010 eru verkinu tryggðar 770 millj. kr. Ætlunin er að bjóða út nú á næstunni þrjú verkþætti, þ.e. smíði þjónustuhúss, smíði ekjubrúar og dýpkun hafnar og inn-siglingar, þegar þau tilboð liggja fyrir verður ljóst hversu mikið fé vantar til að klára það sem þarf til þess að siglingar geti hafist í júlí á næsta ári og verður það þá verkefni samgönguyfirvalda að tryggja fé til að þessi áform gangi eftir.

2. *Hvaða hugmyndir eru uppi um almenningssamgöngur á landi til Reykjavíkur frá Landeyjahöfn?*

Almenningssamgöngur munu verða þarna á milli en ekki er lokið útfærslu á þeim, t.d. hvað varðar ferðafjölda.